



Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn **25. nóvember 2025** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Róbert Smári Gunnarsson, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri.

Fundarstjóri: Arnar Þór Stefánsson.

Dagskrá

1. Starfsleyfi og skráningar
2. Tóbakssöluleyfi
3. Fjárhagsáætlun 2026
4. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 - G. Mál frá ráðuneytum
5. Önnur mál

1. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 1976

Fisk Seafood ehf /þurrkhús, kt. 461289-1269, Háeyri 1 550 Sauðárkrókur, vegna reksturs þurrkhúss að Skarðseyri 13, 550 Sauðárkrókur, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Friðbjörn Ásbjörnsson

Samþykkt til 25.11.2037.

Starfsleyfi nr. 1977

Sauðfjárþúið sf., kt. 690121-0340, vegna reksturs lítillar kjötvinnslu og sölu beint frá býli að Efra-Fossi, 500 Staður, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Kristín Helga Ármannsdóttir.

Samþykkt til 25.11.2037.

Starfsleyfi nr. 1978

Olís/ÓB, kt. 500269-3249, vegna reksturs sjálfsafgreiðslustöð með eldsneyti á Laugarbakka 531 Hvammstangi, *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Thelma Björk Wilson

Samþykkt til 25.11.2037. (Með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 18.12.2025).

Starfsleyfi nr. 1979

Döggblek Studio, kt. 140202-3390, vegna reksturs húðflúrsstofu að Grundargötu 16, 580 Siglufjörður, Sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Thelma Dögg Þorsteinsdóttir

Samþykkt til 25.11.2037. (Með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 18.12.2025).

Starfsleyfi nr.1980

Verk lausn ehf.Kt.500921-0480, vegna rekstur Trésmíðaverkstæðis að Oddagötu 12., 545 Skagaströnd, Sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður Gísli Björn Reynisson

Samþykkt til 25.11.2037. (Með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 18.12.2025)

Tímabundið starfsleyfi nr. 1981

Framlengt tímabundið starfsleyfi nr 1961. Berserkir ehf. kt.590902-2920 vegna niðurrifs mannvirkis, þar með talið asbest að Litlu-Giljá, 541 Blönduósi sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðamaður er Hermann Þór Baldursson.

Samþykkt til 28.02.2026

Breyting á starfsleyfi nr.1982

Breyting á starfsemi Kjarnafæði Norðlenska ehf, kt.581289-1899 á Blönduósi úr Sláturhúsi í Kjötvinnslu *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*

Ábyrgðarmaður Ágúst Torfi Hauksson.

Samþykkt til 15.09.2028.

Starfsleyfi nr.1983

Kaupfélag Vestur Húnvetninga kt.680169-1879 vegna reksturs Sérvöru og matvöruverslunar að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,og *lög nr. 93/1995 um matvæli.*

Ábyrgðarmaður Þórunn Ýr Elíasdóttir.

Samþykkt til 25.11.2037.

Starfsleyfi nr.1984.

Grettislaug Laugarbakka kt.430169-1819 vegna reksturs sundlaugar að Laugarbakka 531 Hvammstangi, sbr. lög nr. 7/1998 *sbr.um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður Regína Þórarinsdóttir

Samþykkt til 25.11.2037.

Tímabundið starfsleyfi nr. 1985

Björgunarsveitin Tindur. Kt. 650391-2179 vegna flugeldasýningar vestan við ósinn á Ólafsfirði við fjöru, 625 Ólafsfjörður, þann 31.12.2025 *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður er Ívan Darri Jónsson.

Samþykkt til 07.01.2026

Tímabundið starfsleyfi nr. 1986

Björgunarsveitin Strákar. Kt. 551079-1209 vegna flugeldasýningar á Norðurtanga á Siglufirði, 580 Siglufjörður, þann 31.12.2025 og 06.01. 2026 *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður er Magnús Magnússon.

Samþykkt til 07.01.2026

Tímabundið Starfsleyfi nr.1987

Björgunarsveitin Strönd Skagaströnd kt.410687-2169 vegna Flugeldasýningar og brennu á gatnamótum Vetrarbrautar og Ásvegar þann 31.12.2025, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður Sigurður Sverrir og Magnús Líndal

Samþykkt til 07.01.2026.

Tímabundið starfsleyfi nr.1988

Björgunarsveitin Húnar Hvammstanga kt.700307-0930 vegna Flugeldasýningar á hafnarsvæðinu við enda norðurbryggju þann 31.12.2025, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður Ævar Smári Marteinsson

Samþykkt til 07.01.2026.

Tímabundið starfsleyfi nr.1989

Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð kt.410377-0129 vegna flugeldasýningar við túnið neðan við Varmahlíð þann 31.12.2025, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður Einar Ólafsson

Samþykkt til 07.01.2026.

Tímabundið starfsleyfi nr.1989

Kíwanisklúbburinn Skjöldur Siglufjörður kt.481080-0109 vegna þrettándabrennu þann 6 janúar við Suðurtanga. Í enda Egilstnaga, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður Ægir Bergsson.

Samþykkt til 13.01.2026

Tímabundið starfsleyfi nr.1990

Skagfirðingasveit, björgunarsveit kt.540782-0329 vegna Flugeldasýningar og brennu við Strandveg norðan slökkvistöðvar þann 31.12.2025, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður Valdimar Pétursson

Tímabundið starfsleyfi nr.1991

Björgunarfélagið Blanda Blönduósi kt.671299-2569 vegna Flugeldasýningar og brennu við Efra Miðholt sunnan Blönduós þann 31.12.2025, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður Þorgils Magnússon/Arnar Freyr Ómarsson

Samþykkt til 07.01.2026.

Tímabundið starfsleyfi nr.1992

Björgunarsveitin Grettir Hofsósi kt.600488-1399 vegna Flugeldasýningar og brennu þann 31.12.2025 við gömlu ruslahaugana sunnan við Víðinesá, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðamaður Ingvar Daði Jóhannsson

Samþykkt til 07.01.2026.

Tímabundið starfsleyfi nr.1995

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar kt. 700169-3839 vegna áramótabrennu þann 31. desember við Suðurtanga Siglufirði, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður Örn Elí Gunnlaugsson.

Samþykkt til 13.01.2026

Tímabundið starfsleyfi nr.1996

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar kt. 700169-3839 vegna áramótabrennu þann 31. desember vestan Óss á Ólafsfirði, *sbr.lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður Örn Elí Gunnlaugsson.

Samþykkt til 13.01.2026

3. Tóbakssöluleyfi

Tóbakssöluleyfi nr. 1994

Olís ehf., kt. 500269-3249, vegna sölu tóbaks í þjónustustöð með smásölu að Tjarnargötu 6, 580 Siglufjörður, *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Thelma Björk Wilson.

Samþykkt til 25.11.2029.

4. Mál til kynningar / vinna milli funda

A) Skipulagsmál

- a) Ákvörðun Skipulagsstofnunar á matsskyldu liggur fyrir um á Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells, nr. 1360/2025
- b) Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggur fyrir um Siglufjarðarvegur og Fljótagöng, nr. 0803/2025

B) Umsagnir til sýslumanns

Engar

C) Mál frá Mast

- a) Matvælaeftirlitsráðstefnan verður haldin í Osló 19.-20. janúar 2026. 1-2 heilbrigðisfulltrúar fara á hana.
- b) 3 tilkynningar hafa borist um aðskotahluti/aðskotaefni í matvælum.
- c) Gámar til flutnings riðufjár voru skoðaðir á Skagaströnd, en flutningur fór frá Sláturhúsi SAH afurða á Blönduósi.
- d) Fundur með forstjóra Mast á haustþingi.

D) Mál frá UOS

- a) Tilkynningar um réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa og námskeið í sóttvörnum-næsta réttindanámskeið verður 1. des 2025.
- b) Formleg tilkynning barst frá UOS um að Hafrannsóknarstofnun sjái um meðferð mála vegna Hvalreka. Haft var samband við Landhelgisgæsluna sem gaf grænt ljós á að send væri beiðni til þeirra vegna stórra hvalreka nærri byggð.
- d) Meðferð rækjuhrats eftir bruna á Siglufirði er til meðferðar UOS?

E) Úr eftirliti

- a) Erindi LEX lögmannsstofu f.h. Landsambands Bakarameistara, dags. 30. f.m., þar er beint til hvers og eins af heilbrigðiseftirlitssvæðunum níu að binda útgáfu starfsleyfa til bakarí því skilyrði að bakarameistari veiti starfseminni forstöðu. Heilbrigðiseftirlitin svöruðu erindinu sameiginlega og vísað í reglugerðir þess efnis.
- b) Farið var að vatnsbóli Ólafsfirðinga í Brimnesdal
- c) Búið er að senda bréf til Vegagerðar ríkisins vegna upphirðu bíla, var það gert í nafni allra heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni.

e) Ekki hefur borist formleg niðurstaða vegna erindis frá Íshúsinu á Siglufirði og Dögun á Sauðárkróki bárust embættinu vegna brunans á Primex hvað varðar leyfi á að setja rækjuskel í sjóinn og var það áframsent til Umhverfis- og orkustofnun.

F) Mál frá SHÍ

Haustfundur heilbrigðiseftirlitanna og stofnanna þeim tengdum tókst vel. Sigurjón Þórðarson var með erindi og stappaði stálið í fundargesti.

G) Mál frá Ráðuneytum

a) Örfundur með atvinnuvegarráðherra þar sem hún tilkynnti um samruna Mast, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverð. Ætlunin er að leggja frumvarp þess efnis fyrir vorþing Alþingis og mun matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlitsins fylgja þar með. Taldi hún að frumvarp um færslu Hollustuhátta- og mengunarvarna komi nú á haustþingi og ætlaði að hvetja Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra að upplýsa framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlitana um það.

5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 var lögð fram til samþykktar.

6. Önnur mál

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 27. janúar 2026 kl. 12:00. Fundi slitið kl. 13:00.